



Sveitarstjórnarfundur 2-2024
Skagabúð 16. febrúar 2024 kl 13:00

Mættir voru: Erla Jónsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson, Vignir Sveinsson og Bjarney Jónsdóttir.

*Erla setti fundinn og stjórnaði honum og Bjarney ritaði fundargerð.
Erla óskaði eftir leyfi til þess að bæta við lið nr 10g, það var samþykkt samhljóða.*

1. Sameining Skagabyggðar og Húnabyggðar

Verkefnahópur um mögulega sameiningu Skagabyggðar og Húnabyggðar hefur starfað í samræmi við ákvörðun sveitarstjórnanna. Unnið er út frá þeim forsendum að sameining geti tekið gildi 1. júní 2024 verði hún samþykkt í íbúakosningum. Í sveitarstjórnarlögum er gert ráð fyrir tiltekinni tímalínu ferils við undirbúning sameiningar sveitarfélaga, m.a. að tvær umræður þurfi að hafa í sveitarstjórn um tillögu um að kjósa samstarfsnefnd vegna sameiningar sveitarfélaga, sbr. 18. gr. laganna. Fyrri umræða fór fram í sveitarstjórn 11. janúar 2024 um tillögu um að sveitarstjórn kjósi fulltrúa í samstarfsnefnd vegna sameiningar Skagabyggðar og Húnabyggðar. Fyrir fundinum liggur 5. fundargerð verkefnahópsins. Fram fer síðari umræða um að skipuð verði samstarfsnefnd vegna sameiningar Húnabyggðar og Skagabyggðar. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að skipa samstarfsnefndina og að fulltrúar Skagabyggðar í samstarfsnefndinni verði Bjarney Jónsdóttir, Kolbrún Guðnadóttir, Kristján Heiðmar Kristjánsson og Magnús Björnsson. Tillagan er samþykkt með 5 atkvæðum.

2. Varmadælur í dreifbýli

Fyrir fundinum lágu ný drög að samningi um 1. fasa verkefnisins um varmadæluvæðingu í Austur-Húnavatnssýslu. Oddvita falið að ganga frá samningi við ráðgjafa og kalla eftir þátttöku íbúa í verkefninu. Samþykkt er að sveitarfélagið greiði allan kostnað ráðgjafa í þessum hluta verkefnisins.

3. Forsetakosningar 1. júní 2024

Fyrir fundinum lá kynning um fyrirhugað forsetakjör, kosningar utankjörfundar skulu byrja 2. maí og kjördagur 1. júní. Sveitarstjórn samþykkir að kjörstaður sveitarfélagsins verði í Skagabúð.

4. Matvælaráðuneytið - Drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu

Matvælaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 3/2024, "Reglugerð um sjálfbæra landnýtingu". Sveitarstjórn Skagabyggðar tekur heilshugar undir umsögn Húnaþings vestra og gerir að sinni. Oddvita falið að koma þeirri afstöðu í samráðsgáttina.

5. Skagabúð

Samþykkt að hefja framkvæmdir samkvæmt áætlun þannig að þeim verði lokið í mars. Húsið verður ekki til afnota á meðan.

6. Samningar við skólabílstjóra

Fyrir fundinum lágu drög að samningum við skólabílstjóra til vors 2026, oddvita falið að ganga frá samningum við bílstjóra.

7. Reglur um refa- og minkaveiði í Skagabyggð

Fyrir fundinum lágu uppfærðar reglur um refa- og minkaveiði í Skagabyggð. Þær eru samþykktar samhljóða.



8. Samningar við veiðimenn í Skagabyggð

Fyrir fundinum lágu uppfærðir samningar við veiðimenn í Skagabyggð. Oddvita er falið að ganga frá samningum við veiðimenn.

9. Námur í Skagabyggð

Gögn hafa ekki borist í tæka tíð. Málinu er frestað.

10. Bréf

a) Samband íslenskra sveitarfélaga - Boðun XXXIX landsþings sambandsins

Samband íslenskra sveitarfélaga boðar fulltrúa á landsþing sambandsins 14. mars 2024.

b) Norðurá bs. Breyting á móttöku olíusmitaðs eða olíumengaðs úrgangs hjá urðunarstaðnum Stekkjarvík.

Fyrir fundinum lá erindi frá Norðurá þar sem kynnt er niðurstaða Umhverfisstofnunar að nú sé bannað að taka til urðunar úrgang úr olíuskiljum, Norðurá hefur tekið til urðunar slíkan úrgang sem ekki hefur innihaldið spilliefni. Umhverfisstofnun hefur ekki getað svarað því hvernig skuli fara með tiltekinn úrgang. Bréfið var til kynningar.

c) Miðstöð héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu

Fyrir fundinum lá kynningarbréf um móttöku rafrænna gagna á vegum héraðsskjalasafna og stofnun Miðstöðvar héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu. Bréfið var til kynningar.

d) Samband íslenskra sveitarfélaga- boðun á málþingið “Er íslensk orka til heimabruks?”

Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum boða til málþings um stöðuna í orkumálum undir yfirskriftinni Er íslensk orka til heimabruks? - Staðan í orkumálum með áherslu á íbúa og sveitarfélög. Málþingið fer fram á Grand Hótel 15. mars klukkan 8:30-11:30. Bréfið var til kynningar.

e) Óbyggðanefnd - Þjóðlendumál: eyjar og sker

Fyrir fundinum lá erindi Óbyggðanefndar þar sem kynntar eru kröfur fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkisins um þjóðlendur á svæði 12.

Sveitarstjórn skorar á eigendur eyja og skerja í sveitarfélaginu að huga að landamerkjum og eignarétti sínum.

Sveitastjórn hefur hug á að bjóða landeigendum aðstoð við hnitsetningu landamerkja jarða.

f) Matvælaráðuneytið - Regluverk um búfjárbætur - sjónarmið matvælaráðuneytis

Matvælaráðuneytið kynnir að það ætli ekki að beita sér fyrir því að gefa út samræmdar leiðbeiningar varðandi búfjárbætur en hvetur sveitarfélög til þess að yfirfara fjallskilasamþykktir og koma á skipulegu samstarfi milli sveitarfélaga um sameiginlegar lausnir. Sveitarfélög ættu að uppfæra afréttarskrár sbr. ákvæði 6. gr. í fjallskilalögum. Bréfið var til kynningar.

g) Lánasjóður sveitarfélaga - auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga

Kjörnefnd óskar eftir tilnefningum og/eða framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga, skila þarf inn tilnefningum/framboðum fyrir kl. 12:00 21. febrúar 2024. Bréfið var til kynningar.

11. Fundargerðir

a) Fundargerðir 941.-942. funda Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundargerðirnar voru til kynningar

b) Fundargerðir SSNV nr 102 og 103.



Fundargerðirnar voru til kynningar

c) Fundargerðir fagráðs BMN nóv og des 2023

Fundargerðirnar voru til kynningar

d) Fundargerðir nr 14, 15 og 16 fagráðs málefni fatlaðs fólks á NI. vestra

Fundargerðirnar voru til kynningar

12. Önnur mál

Fleira var ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt, og fundi slitið kl. 16:04

Vignir Sveinsson

Magnús Björnsson

Bjarney R Jónsdóttir

Erla Jónsdóttir

Kristján Steinar Kristjánsson